



Bjarni Benediktsson, dagblöð 2009

Bjarni Benediktsson – Dagblöð

Einungis fréttir og greinar tengdar Bjarna Benediktssyni eru skannaðar og sýndar hér en dagblöð má sjá á vef Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns, timarit.is

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 6-13

GENGISVÍSITALA MÚSÍKTILRAUNA

GAMALDAGS CLAUSEN OG KAABER

MYNDAALBÚM
Huldu Bjarkar

CHARLIZE
Fyrir
og eftir
Skrímslið

95
ára

STOFNAD 1913
93. tölublað
97. árgangur
Landsprent ehf.

Morgunblaðið SUNNUDAGUR

5. APRÍL 2009

mbl.is

MORGUNBLAÐIÐ
hvar sem er
hvenær sem er

RÍKISSTJÓRNIN VILDI SETJA FYRIR- VARA UM AÐ ÍSLAND YRÐI VOPNLIAUST

- SKÝR KRAFA AÐ ÍSLENSKIR TOGARAR VÆRU EKKI NOTAÐIR Í HERNADARAÐGERÐUM ATLANTSHAFSBANDALAGSINS.
- SKJALASAFN BJARNA BENEDIKTSSONAR VERÐUR OPNAÐ FRÆDIMÖNNUM UM NÆSTU MÁNAÐAMÓT



Eftir Pétur Blöndal
pebl@mbl.is

EKKI kom til greina að íslenskir togarar yrðu nýttir í hernaðaraðgerðum. Það kom skýrt fram í heimsóknarbriggja íslenskra ráðherra til Washington fyrir undirskrift Atlantshafssátmálan fyrir 60 árum.

Í viðamikilli úttekt að aðdraganda þess kemur fram að óformlegar breifingar hófust 7. desember árið 1948. Ær sagan rakin frá þeim degi til 4. apríl árið 1949, en þá skrifði Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra undir sáttmálann fyrir hönd Íslands.

Í úttektinni er stuðst við ræður, bréf og minnisblöð úr fórum Bjarna, sem eru í vörsu Borgarskjálasafnsins og hafa sum hver aldrei birst, en verða opnuð frædimönnum um næstu mánaðamót. Samskiptin einkennast af var-kární af hálfu Bjarna, sem hélt fast við kröfuna um vopnlaust Ísland. | 18

Afmælisakakan Bjarni Benediktsson mundar kökuhnífinn þegar 20 ár voru liðin frá stofnun Atlantshafsbandalagsins. Meðfylgjandi eru drög að ræðunni sem hann flutti við undirskriftina 4. apríl árið 1949, en þau eru skrifuð af honum á ensku á bréfsefni sem merkt er Shoreham-hótelinu í Washington.

HÆLISLEITENDUR»4

EKKI SPYRJA - EKKI SEGJA»8

Styttri tími dregur úr óvissu

MÁLSMEÐFERÐARTÍMI Útlendingastofnunar hefur styrt að undanförnu, og er það helst þakkad áherslubreytingum. Haukur Guðmundsson, forstjóri Útlendingastofnunar, segir það forsendu þess að draga úr óvissu hjá hælisleitendum. Atli Viðar Thorstensen, verkefnastjóri hjá Rauða krossi Íslands, segir að markmið stjórnvalda ætti að vera að takmarka málsméðferðartíma en það megi þó ekki koma niður á vandvirkni. Hann telur að upplýsingar um óvissu eru ófengilegir.

Hermenn sem verða að þegja

ÞRÝST er á Bandaríkjaforseta að afnema reglu, sem kvæður á um að samkynheigðir megi gegna herþjónustu, svo framarlega sem þeir leyni kynheigð sinni. Obama hefur lofað að fella regluna úr gildi. Hann hefur hins vegar margt á sinni könnu og viðbúið að hann taki ekki þennan slag strak.



**FERÐALÖG
OG FRÍSTUNDIR**
þrópta- og sýningaráhöllinni
í Laugardal 8.-10. maí 2009

Verður bitt fyrirtæki með?

Allt á einum stað: Ferðalög, frístundir, afþreying, golf og matur.

Bókaðu núna!

www.ferdalogogfristundir.is

AP AIRPORTS | TEFLA | FERÐALÖG OG FRÍSTUNDIR | FERÐALÖG OG FRÍSTUNDIR | REYKJAVÍK AIRPORT

ICELANDAIR

Í gær voru 60 ár liðin frá inngöngu Íslands í Atlantshafsbandalagið

„MANNSLÍFUM SÉ EKKI AÐ ÓÞÖRFU STEFNT Í GRIMMAN VOÐA“

Óhætt er að fullyrða að það vakti miklar deilur í þjóðféluginu þegar Alþingi ákvað að undirlagi ríkisstjórnarinnar að Ísland yrði einn af stofnaðilum Atlantshafsbandalagsins. Í viðamiklu skjalasafni úr fórum Bjarna Benediktssonar, þáverandi utanríkisráðherra, eru bréf, minnisblöð og ræður, sem varða þennan minnisstæða atburð, og hafa sum hver aldrei komið fyrir sjónir almennings. Hér er rakin atburðarás fjögurra örlagaríkra mánaða. Sagan hefst í desember 1948...

Eftir Pétur Blöndal
pebl@mbl.is

7. desember

„Algert trúnaðarmál“ er skrifað af Bjarna Benediktssyni utanríkisráðherra efst á minnisblaðið. Þar skrifar Bjarni m.a. að „Mr. Butrick“, sendiherra Bandaríkjanna, hafi komið á skrifstofu sína og skýrt sér frá því að „stjórn Bandaríkjanna hefði sagt sér í algerum trúnaði, en sam heimilað sér að segja mér, að ráðgert væri að leita til Íslands meðal fyrstu ríkja um þátttöku í Norður-Atlantshafsbandalagi, þegar umræðum milli þeirra aðila, sem nú eiga í umræðum um þessi mál, væri svo langt komið að hlyða pætti að snúa sér til fleiri.“

11. desember

Enn skrifar Bjarni efst á minnisblaðið „Algert trúnaðarmál“. Þar segist hann hafa boðað Butrick á sinn fund og sagt að íslenska ríkisstjórnin gæti ekkert sagt um afstöðu sína fyrr en meira lægi fyrir. En hann vildi „nú þegar taka fram af stjórnarinnar hálfu, að hún óskaði eftir, að áður en Íslandi væri opinberlega og formlega boðin þátttaka í bandalagi þessu, væri haft samráð við íslenzku stjórnina, svo að henni gæfist kostur á að áttu sig á málín og eftir atvirkum hafa áhrif á það áður en það lægi opinberlega fyrir. Væri og ljóst að afstaða hinna Norðurlandanna, og þá einkum Noregs, en einnig Danmerkur, mundi hafa, eða geta haft, veruleg áhrif á afstöðu manna hér til málins.“

16. desember

Thor Thors, sendiherra Íslands í Bandaríkjunum, skrifar Bjarna um Atlantshafsbandalagið: „Ég er þér all veg sammála, að bezt er fyrir okkur í lengstu lög að bíða átekta. Þetta mál hefir ekki verið formlega upptekioð við okkur, og meðan svo er, vitum við í rauninni ekkert.“

Og hann bætir við: „Hér í Washington hefir aldrei neinn minnst á Atlantshafsbandalag við mig, og eg þar af leiðandi svo vel settur, að eg hefi ekkert þurft um málid að segja. Eg mun aldrei minnast á þetta mál við neim að fyrra bragði. Verði á það minnst við mig, mun eg gjöra sem mest úr erfíðleikunum heima fyrir. Mér er þó ljóst, að eins og ástandið er nú í heiminum verðum við að líta með skynsemi á málid. Fyrst og fremst út frá því sjónarmiði, að mannslifum sé ekki að óþörfu stefnt í grímann voða.“

5. janúar

„Loks er þá Norður-Atlantshafsbandalagið,“ skrifar Bjarni vini sínum Thor, að morgni 5. janúar. „Ég fékk skeytti í gær frá þér um það og býst við vitneskjum frá sendiherranum og



Utanríkisráðherran Bjarni Benediktsson skrifar undir stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins í Washington 4. apríl árið 1949.

Bandaríkja í dag. Kommúnistar hafa þegar hafið tryllta agitation og svo sem geta mátti nærrí fengið nokkuð af þjálfun með sér. Við erum ef til vill ekki nögu harðir í framgöngu, en það kemur fyrst og fremst af því, að á meðan við vitum svo lítið um hvað er að ræða þykir okkur nokkuð erfitt að taka upp beina opinbera sökn fyrir málín. Það verður auðsjáanlega tor-sótt enda auðvitað erfitt við það að eiga fyrir en við vitum með vissu, hvaða tryggingar við getum fengið og hvort til þess er ætlast af okkur, sem við teljum okkur framkvæm-anlegt.“

Það er næst frásagnar, að sendiherra Bandaríkjanna knúði dýra síðar um daginn og afhentí minnisblað, sem skilgreint var í „hæsta trúnaðarflokki“ og stilað á försætisráðherra og utanríkisráðherra. Þar er rætt um að viðræðum miði vel á veg um grun fyrir laðræði ríkisráðherra. Sjö ríkisstjórnir standi að viðræðunum og

vilji láta á það reyna hvort Ísland, Danmörk, Noregur, Írland og Portúgal sækist eftir að verða stofnaðilar við undirskrift sáttmálan. Er óskað eftir munnlegu svári og óformlegu frá íslensku ríkisstjórninni um æski-legt fyrirkomulag og tímasetningu opinberra samskipta vegna málins.

Bjarni skrifar minnisblað þennan dag eftir að hafa hitt Butrick og þar stendur m.a.: „Er ég hafði lesið frá-sögnina sagði ég, að afstaða Íslendinga til málss bessa mundi vera komin undir nánari vitneskjum varðandi nokkur atriði og dytta mér þá fyrst í hug, án þess að vilja segja nokkuð um málid á þessu stigi, hvort ætlunin væri að Íslendingar hervæddust sjálfrir og skuldbindi sig til þess og einnig, hvort hér ætti að dvelja her á friðartínum.“

Sendiherran sagðist ekkert vita frekar en í örðsendingu stæði en sér sýndi hvorugt má gera. Sumir, sem betur ættu að vita, sbr. Hermann Joneson fór með sín són, en einnig farnir að predika að hér sé ítil eða engin hætta og í vörnumunum sé lítil

6. janúar

Daginn eftir saumar Bjarni aftan við bréfið til Thors: „Ég tel ekki líklegt að í stjórninni vilji neinir láta svára neitandi þessari fyrirþreifingu, a.m.k. að svo stöddu.“


Það skrifar hann: „Min skoðun er sú, að mikill vinningur væri að gera samninginn þó að ekki væri mikil aukið öryggi á pappírnum, en ekki er víst að þeir sem hér eru ókunnir að-stæðum skilji það til hlitar. En hætt er við að hér séu svo margir sem ekki geti hugsað sér neina herstöð á friðartínum, að ómögulegt verði að koma neinum fram ef slíkt að vera fólgði í samningnum. Ekki er heldur vafí að margir meðal almennings eru hrædir við herskyldi eða nokkuð sem henni líkist. Fer þá að vandast málid ef hvorugt má gera. Sumir, sem betur ættu að vita, sbr. Hermann Joneson fór með sín són, en einnig farnir að predika að hér sé ítil eða engin hætta og í vörnumunum sé lítil

eða engin trygging. Menn geta haft sínar skoðanir á hver heilindi eru á bak við slíkan málflutning, þegar slíku er haldd fram af formanni næststærsta stjórnmalaflokkins, sýnir það hverjir örðugleikar eru á.“

Ég tel þó að ekkert af þessu megi verða til þess að gefist sé upp við að koma fram því, sem áréiðanlega er nauðsynlegt ef bjóð okkar á að hafa nokkurt öryggi og ekki verða ofurseld eyðileggingu og tortíming. Allt þetta sannar mér að áður en við tökum á okkur nokkra skuldbindingu eða gerumst opinberir aðilar að umræðum þurfa frekari samræður að eiga sér stað bak við tjöldin.“

12. janúar

Á minnisblaði kemur fram að Bjarni Benediktsson hitti Anderssen-Rysst, norska sendiherrann, sem skýrði frá gangi viðræðana um „her-vart er það að N.-Atlantshafsbandalagið“. Svá vildu að aðildarþjóðir slíks bandalags yrðu ekki meðlimir í N.-Atlantshaf-



Truman Hjónunum Bjarna Benediktssyni og Sigríði Björnsdóttur var boðið í kvöldverð hjá bandarísku forsetahjónum á Carlton-hótelinu eftir undirskriftina.

bandalaginu, en á það vildu Norðmenn ekki fallast.

Samkomulag hefði þó tekist um yfirlýsing milli ríkjanna þriggja, þar sem þau hétu hverju öðru hernaðar- aðstoð ef á þau væri ráðist, „og voru þó undantekin þeirri skuldbindingu Færeys jar, Grænland, Jan Mayen og Spitzbergen, þannig að þó að á þessa landshluta væri ráðist kæmi var- arbandalagi ekki til greina“.

Sendiherran sagði að Lange, utanríkisráðherra Noregs, hefði lýst þeirri skoðun í viðtali í Arbeiderbladet í upphafi árs að Noregur þyrfti að vera í „heildarsamtökum þeirra ríkja, sem hugsuðu og hegðuðu sér á sama veg og Norðmenn. Hefði þar einnig komið fram, að hann vildi samvinnu við Ísland.“

Sama dag var lesin upp fyrir Butrick óformleg yfirlýsing um að Ísland tæki ekki afstöðu til Atlantshafssáttmálans, fyrr en frekari upplýsingar lægju fyrir um í hverju aukið öryggi fælist og hvaða skyldur það hafi í för með sér. Í minnisblaði Bjarna kemur fram: „Til skýringar lagði ég áherzlu á, að Íslendingar væru minna inni í þessu máli en stjórnir þeirra ríkja, sem unnið hefðu að þessu tilteknar máli í margra mánuði, hefðu auk þess mikla æfingu í utanríkismálum og hermálum umfram Íslendinga, en þetta mál væri nýtt fyrir okkur og við þar að auki einangraðir hér og hefðum enga hermálaprekkingu. Af þessum sökum væri eðilegt að við þörfnuðumst frekari skýringa.“

Þá kemur fram að Bjarni hafi sagt að „staða Íslands væri líka sérstæð,“

vegna þess að við hefðum beyg af að hafa hér erlendan her á friðartínum, en þá kæmi hitt, hvort þá væri nokkuð öryggi í þessum samningi ef engar varnir ættu sér stað. Allt þetta yrði að meta, en þó væri sú skoðun ákaflega rík, bæði hjá fylgjendum ríkisstjórnarinnar og stjórninni sjálfrí, að það væri of dýru verði keypt að láta hermenn dvelja hér á friðartínum fyrir það öryggi, sem við slikt fengist.“

13. janúar

„Góði vinur,“ hefst bréf frá Thor til Bjarna, þar sem hann ræðir um Atlantshafssáttmálann. Hann rifjar upp samtal þeirra frá 6. janúar, þar sem Thor ráðlagði Bjarna að gera út sendinefnd á sjávarútvegsráðstefnu í Washington 26. janúar. „Opinbert erindi sendinefndarinnar yrði að sækja sjávarútvegsráðstefnu, en raunverulegur tilgangur yrði að grennslast fyrir um Atlantshafssáttmálann.“

Thor segist í bréfinu, sem skrifð er á ensku, hafa lagt til við fulltrúa bandarísku utanríkisráðuneytisins, að nýta tækifærin til að skiptast á skoðunum og að tekið hafi verið vel í það. En hann vilji fá símtal frá Bjarna til staðfestingar á því hvort sendinefnd verði gerð út af örkinni. Hann leggur til að Hermann Jónasson, formaður Framsóknarflokksins verði með í för, Ólafur Thors og einhver af leiðtugum Alþýðuflokksins. Peir geti þá tekið skýrar tillögur með sér heim, „þú getur síðan tekið skjóta ákvörðun og hjóðin hefði þá niðurstöðu þriggja varnir og frekast er kostur.“

Loks skrifar Thor: „Persónulega,

Ríkisstjórnin 4. apríl 1949

Forseti Íslands skipaði á ríkisráðsfundi 4. febrúar 1947 ríkisstjórn undir forsæti Alþýðuflokksins, sem í sátu Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur. Ríkisstjórnin gegndi störfum til 6. desember 1949:

Stefán Jóh. Stefánsson, forsetis- og félagsmálaráðherra,
Emil Jónsson, samgöngu- og viðskiptamálaráðherra,

Bjarni Benediktsson, utanríkis- og dómsmálaráðherra,

Jóhann Þ. Josefsson, fjármála- og atvinnumálaráðherra,

Bjarni Ásgeirsson, landbúnaðarráðherra,

Eystein Jónsson, menntamálaráðherra.

tel ég að þú sért alltof verkár vegna herþjónustu og erlendra hermannar á [Íslandi á] friðartínum. Ég held að íslenska þjóðin sé nóg skynsöm til að átta sig á því, að á striðstínum sé hlutleysi ekki til. Nútmahernaður virðir engar slíkar hugsjónir. Við burfum að hugsa skýrt á friðartínum og gera ráðstafanir um eins öruggar varnir og frekast er kostur.“

Þá er gaman að lesa eftirskrift

bréfsins, þó að það komi svo sem Atlantshafssáttmálunum ekkert við, en þar skrifar Thor: „Ég bakka þér fyrir þá miklu velvild sem þú hefir sýnt mér með því að leggja til að ég fengi stórkrossinn. Úr því sem komið er legg ég áherzlu á að úr því geti orðið. Ég hefi gaman að því að striða Sveinka og skriðdýri hans. Ennfremur hefir þetta kvíst, m.a. sagði Hans Andersen Magnúsi V. frá þessu. Það yrði því þér og mér til háðungar ef þetta gengi tilbaka og óvinir fengju meiru um ráðið. Loksins félkk Sveinka skoðun! Liklega af því að ég hefi hlift honum við að opinbera þjófnáði Ólafs sonar hans. – En hvað sem úr þessu verður þykir mér mest um vert vináttu þín og mat á mínum störfum. Ég vildi semja um það að lána Villa Pór krossinn til að nota á grímuböllum á Akureyri!“

27. janúar

Bjarni Benediktsson fundaði með Gustav Rasmussen, utanríkisráðherra Dana, í Kaupmannahöfn. Rasmussen sagði honum í óspurðum fréttum frá samningaumleitunum um varnarbandalag Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Bjarni segir svo frá, að hann hafi sagt danska utanríkisráðherranum að „Ísland hvorki vildi né gæti haft áhrif á hvað hin Norðurlöndin gerðu, en við hefðum áhuga fyrir, að ef samningar um Norðurlandabandalagið færi út um þúfur, og ef Noregur og Danmörk hæfu þá viðræður um þáttöku í Norður-Atlantshafssbandalaginu, að hafa samráð við þau, enda teldi Ísland sig enn of lítið vita um þær ráðagerðir til að geta tekið afstöðu til þeirra.“

28. janúar

Bjarni fundaði með Halvard Lange, utanríkisráðherra Norðmanna, í Ósló. Par kom skýrt fram hjá Lange „að ekki yrði samkomulag um skandinaviskt varnarbandalag nema því aðeins að Bandaríkjastjórn hefði breytt um afstöðu frá því sem verið hefði...“ Skildist Bjarni að synjun Svíðar á því, að áður en til ófriðar kæmi, væri búið að gera ráð fyrir, hvernig aðstoð Vesturveldanna yrði háttáð, „væri ein höfuð ástæðan fyrir því að ekki myndi samkomulag verða“. Þá segir Bjarni svo frá, að Lange hafi „hreyft því og óskat eftir, að ég ætti kost að sitja á fundum um hið skandinaviska varnarbandalag, en Svíar hefðu neitað því, vegna þess að þeir hefðu talið, að slíkt mundi leiða til of mikilla umræðna um Norður-Atlantshafssbandalag.“

5. febrúar

Sendiherra Norðmanna gekk á fólkvangi Bjarna til þess að tilkynna honum að Lange, utanríkisráðherra Noregs, „væri í þann veginn að fara til

Morganblaðið/Olafur K. Magnússon

þjóðarleiðtoga Willy Brandt, Bjarni Benediktsson og Richard Nixon á 20 ára afmæli Atlantshafssbandalagsins.

Ríkisstjórnin 4. apríl 1949

Forseti Íslands skipaði á ríkisráðsfundi 4. febrúar 1947 ríkisstjórn undir forsæti Alþýðuflokksins, sem í sátu Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur. Ríkisstjórnin gegndi störfum til 6. desember 1949:

Stefán Jóh. Stefánsson, forsetis- og félagsmálaráðherra,
Emil Jónsson, samgöngu- og viðskiptamálaráðherra,

Bjarni Benediktsson, utanríkis- og dómsmálaráðherra,

Jóhann Þ. Josefsson, fjármála- og atvinnumálaráðherra,

Bjarni Ásgeirsson, landbúnaðarráðherra,

Eystein Jónsson, menntamálaráðherra.

Washington til að ræða þar við stjórnina um ýmis atriði í sambandi við hugsanlega þáttöku í Norður-Atlantshafssbandalagi og ennfremur um það, hvort hugsanlegur væri stuðningur Bandaríkjanna við varnarbandalag skandinavisku landanna“.

8. febrúar

Butrick gekk á fund Bjarna og sagði að Atlantshafssáttmálinn gæti ekki orðið erfiður fyrir íslensku ríkisstjórnina, „þegar á daginn kæmi, að þau atriði varðandi herstöðvar og hersetu hér á landi, sem andstæðingar málsins hefðu fært fram á móti því, væri gjörsamlega tilhæfulaus“. En Bjarni var efins: „Ég sagði, að svo kynni að virðast rökrétt séð, en hætt væri við að andúð sú, sem reynt hefði verið að veikja gegn málinu, kynni að verða því skaðsamleg og nú væri í agitationinni lagt mest upp úr hlutleysi, en ekki því, sem áður hefði verið fram fært. I þessu sambandi sagði ég við Mr. Butrick, að mikilvægt væri að íslenzku stjórninni væri ekki boðin þátttaka án þess að málið hefði verið frekari rætt við hana en enn hefði verið gert.“

1. mars

Fram kemur í bréfi frá Thor til Bjarna að Svíum og Dönum hafi þótt heimsókn Langes til Bandaríkjanna bera of brátt að og að þar sé tilfinningin sú að Norðmenn hafi ekki staðið heilshugar að baki skandinaviska varnarbandalaginu. Nú sé Dönum ljóst að þeir verði að fylgja Noregi, ella verði þeir „algjörlega og endanlega einangraðir“. Bæði Norðmenn og Danir leggi áherslu á að leggja hönd á gerð sáttmálan, en Thor telur það ekki mikilvægt Íslendingum.

„Pess vegna, getum við hefði með að taka ákvörðun, ef þú telur það skynsamlegt pólitiskt með hliðsjón af almenningsálitinu á Íslandi. Ég get hinsvegar imyndað mér, að sú spurning muni vakna í umræðum í Öldungradeildinni, hver sé afstaða Íslendinga. Ef þú ert því reiðubúinn að taka ákvörðun, sé ég engan akk í því að bíða, en þú veist þetta auðvitað betur og hvernig standa má að ákvörðunni, þannig að hún falli best í kramið hjá þjóðinni.“

8. mars

Minnisblaðið til utanríkisráðherra Íslands merkt „Top Secret“ barst Thor, þar sem fram kom að Norðmenn hefðu gerst fullir þáttakendur í viðræðum um Atlantshafssáttmálann 4. mars og danski utanríkisráðherran væri vætanlegur 10. mars til Washington í sama tilgangi.

Drög hefðu verið send þeim áttu ríkisstjórnuna sem tóku þátt í viðræðunum. Stefnt væri að samkomulagi fyrir lok vikunnar og þá

Þar sem bjartsýnin ríkir

Atvinnutækifæri í Reykjavík



Grófin 8



Grófin 7

Nú eru tækifæri fyrir þá sem vilja vinna sjálfstætt eða sameinast öðrum.
Það er ekki nauðsynlegt að vera iðnaðarmaður til að reka iðnfyrirtæki.


Mjög gott iðnaðarhúsnaði BG Bilakringlunarsíða ehf að Grófinni 7 er til leigu. Húsið er 827 m² að stærð að göflfleti og skiptist í vinnusalí og skrifstofur, auk þess er um 120 m² geymsluloft í húsinu. Húsnæðið er byggt á árunum 1968-1972 sem bilasprautunar og réttigarverkstæði og hefur verið sliður rekstur í húsnæðinu lengst af. Á húsinu eru 9 innkeyrsluhurðir.

Bifreiða- og hjólbardáverkstæði sem rekið er að Grófinni 8 er til leigu. Miklir möguleikar fyrir duglegan aðila. Tilvalið til að sameina öðru sambærilegu eða til stækkanar.

Höfum einnig til leigu 4 herbergja íbúð í næginni.

Nánari upplýsingar veitir Birgir Guðason í síma 421-4242 og 897-5246.

Íslandssagan



Leyndó Ekki leynir sér að Björn Bjarnason hefur í æsku komist í skjöl föður síns merkt „Trúnaðarmál“.

Framsýnar hugmyndir um stjórnarskrána



Svanhildur Bogadóttir

hafa ákveðnar skoðanir á þjóðfélagsmálum. Þá eru í safninu dagbækur hans frá háskólaárunum, sem lýsa vel hvernig stjórnálamaðurinn mótaðist.“

– Og frá stjórnálamaferlinum?

„Þar eru til dæmis minnisblöð um aðdragandann að inngöngu Íslands í Atlantshafbandalagið og einnig um aðkomu hans að stofnun lágveldis á Íslandi og um störf hans í stjórnarskrárnefnd, sem vann að endurskoðun stjórnarskrárinna. Rætt er um stjórnarskrárbreytingar nuna og því frólegt að sjá hugmyndir sem hann tefldi fram, til dæmis í mannréttindamálum, sem voru margar framsýnar. Á vefinn bætist brátt við ítarleg skjalaskrá yfir safnið og þá verður hægt að sækja um að fá aðgang að því til rannsóknna. Við höfum líka áhuga á að setja fleiri heimildaflokka inn á vefinn smátt og smátt. Svo geta eintök skjöl líka verið skemmtileg. Þar má til dæmis nefna málsskjöl sem stíluð eru á Bjarna Benediktsson dómsmálaráðherra og merkt trúnaðarmál en að það skjal hefur sonur hans Björn æft undirskrift sína með vaxlit ungar að árum.“

væri hægt að miðla því til ríkisstjórn Íslands, Danmerkur, Portúgals og Ítalíu. Ráðgert væri að textinn yrði gerður opinber 15. mars og að undirskrifin færí fram 4. apríl í Washington.

„Það yrði ríkisstjórn Bandaríkjananna ánæggjulegt, og hún er þess fullviss að það sama gildi um hinrar ríkisstjórnirnar, ef Ísland vildi taka þátt í undirskrift stofnsáttmálan.“ Fulltrúum íslenskra stjórnvalda er boðið „hvænaer sem er“ til Washington til að ræða sáttmálan. Þar sem æskilegt sé að tilkynna í nánustu framtíð, hugsanlega 15. mars, hvaða ríkisstjórnir skrifí undir stofnsáttmálan, yrði snemmbúin melding um það vel þegin, hvort Ísland vilji fá boð um það.

Vopnlaus þjóð

Pegar aðild að Atlantshafsbandalinu var samþykkt á Alþingi 30. mars söfnuðust mótmælendur saman á Austurvelli, en fylgismenn ríkisstjórnarinnar tóku sér stöðu gegn þeim. Um mótmælin og viðbrögð við þeim var fjallað í Morgunblaðinu um liðna helgi. Bjarni Benediktsson hélt eftir það til Washington til að skrifa undir stofnsmettinginn. Í skjalasafni hans má finna handskrifuð drög að ræðunni á ensku á blaði merkta hótelinu The Shoreham, 2500 Calvert Street. Einnig er þar boðskort frá Truman-hjónunum, afrit af stofnsáttmálanum og tímaáætlun fyrir undirskrifina.

Í upphafi ræðu sinnar af því tilefni sagði Bjarni: „Þjóðir þær, sem nú eru að ganga í þetta nýja bræðralag, eru að mörgu leyti ólikar hver annarri. Sumar heirra eru hinar mestu og voldugust í heimi, aðrar eru smáar og lítils megaldi. Engin er þó minni né má sín minna en þjóð mín – íslenzka þjóðin. Íslendingar eru vopnlausir og hafa verið vopnlausir síðan á dögum vikinganna, forfedra okkar. Við höfum engan her og getum ekki haft. Ísland hefir aldrei farið með hernaði gegn nokkrum landi, og sem vopnlaus land hvorki getum við né munum segja nokkurri þjóð stríð á hendur, svo sem við lýstum yfir, er við gerðumst ein af sameinuðu þjóðum. Staðreynir er, að við getum alls ekki varið okkur gegn neinni erlendri, vopnaðri áras. Við vorum þess vegna í vafa um, hvort við gætum gerzt aðilar þessa varnarbandalags, en svo getur staðið á, að Ísland hafi úrslitapýðingu um öryggi landanna við Norðuratlantshaf.“

Heimsendingarþjónusta

Alla daga

15-21

AGA Gasol.

Afgreiðsla ISAGA, Breiðhöfða 11,
er opin virka daga frá kl. 8 til 17.

Pú færð allar nánari upplýsingar
um AGA Gasol hylkin,
þrýstiminnkara, slöngur og
sérlausnir hjá umboðsmönnum
okkar og í þjónustuveri
ISAGA í síma 577 3000.



800 5555

Linde Gas

AGA

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Hotel Nordica



Sprengisandi



Smáralind

Þríráðherrar funda með stjórnvöldum vestanhafs um Atlantshafsbandalagið

EF ÁRÁS YRÐI GERÐ

Mikið var í húfi þegar ráðherrarnir Bjarni Benediktsson, Eysteinn Jónsson og Emil Jónsson, ásamt Thor Thors sendiherra, fóru á fund Dean Acheson, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, í Washington 14. mars árið 1949.

Í upphafi fundarins óskaði Bjarni Acheson til hamingu með hið þýðingarmikla embætti og minntist á velvild hans til Íslands. En það er einkennandi fyrir málflutning Bjarna á fundinum hversu gagnrýnum augum hann leit sáttmálanum: „Sagði hann, að Ísland væri mjög hlynnt náinni samvinnu við hin vestrænu lýðræðisírki, en hins vegar hefði Ísland þá sérstöðu, að hvorki hefði það eigin her né gæti haft né heldur gæti komið til greina, að útlendur her fengi að hafa þar aðsetur á friðartínum, og gilti það sama einnig um herstöðvar. Væri þess vegna ekki ljóst, hvort rúm væri fyrir Ísland meðal samningsríkja.“

Bjarni fór fyrir ráðherrunum í umræðum og segir m.a. í fundargerð: „**Bjarni Benediktsson** sagði, að svo virtist, sem Ísland myndi aðeins þurfa að athuga hvort það gæti látið „facilities“ [eða aðstöðu] í té á styrjaldartínum. **Hickerson** [forstjóri Evrópuðeldarinnar] sagði að auðvitað myndi ráðið geta mælt með því, að einhver ákveðin „facilities“ væru fyrir hendi „in case of emergency“ [eða á neyðarstundu]. **Acheson** skýrði frá því, að í ályktun Bandaríkjabings væri tekið fram, að svæðissamningar eins og þessi væru æskilegir því að nauðsynlegt væri, að þau ríki, sem hyggðu á árasír, gerðu sér fullkomlega ljóst fyrirfram, hvaða afleiðingar það myndi hafa. Væri jafnvel gert ráð fyrir því, að ef slíkir samningar hefu verið fyrir hendi fyrr, hefðu þeir getað komið í veg fyrir heimsstyrjaldirnar tvær. **Bjarni Benediktsson** sagði að andstæðingar samningsins á Íslandi myndu segja að ef ekki væri til þess ætlast, að Ísland hefði her eða herstöðvar á friðartínum, myndi Ísland einungis verða hinum aðilum til byrði; hlyti þess vegna eitthvað annað að vera á bak við. **Acheson** áleit að til andsvara væri hægt að benda á það, sem hann áður hefði sagt, þ.e., að nauðsynlegt væri að væntanlegt árasarríki gerði sér grein fyrir því, að með áras á Ísland væri jafnframt ráðist á alla hina samningsaðilana, og þá einnig fyrir því, að Ísland væri ekki „available“ fyrir árasarríki. **Bjarni Benediktsson** benti á að sumir mundu segja að með þátttökum í þessum samningi mundi Ísland vera í enn meiri hættu statt en ef það segði berum orðum, að ekert ríki gæti fengið „facilities“ á Íslandi. Þá væri einnig spurning um það, hvort hægt sé að verja Ísland án mikils undirbúnings, því hugsanlegt væri, að Rússar mundu geta hafð strið á Íslandi. **Acheson** viðurkenndi að þetta væri þýðingarmikil spurning, en Ísland yrði auðvitað að gera sér grein fyrir svarinu á grundvelli þeirrar reynslu, sem fyrir lægi, því að sýnt væri að hingað til hefði ríki ekki getað haldað sér utan við styrjaldir með hlutleysi, t.d. Danmörk, Noregur, Holland og Belgia, – og jafnvel Ísland í síðasta striði.“

Togararnir í friði


Ákveðið var að halda framhaldsfund ráðherranna og Thor Thors með Hickerson, Bohlen, sérfræðingi utanríkisráðuneytisins, og Hulley, forstjóra N-Evrópuðeldarinnar. Par voru drögin að sáttmálanum afhent „sem algert trúnaðarmál“. Til líflegra umræðna kom á fundinum, eins og segir í fundargerð:

„**Bjarni Benediktsson** spurði hvort það gæti komið til, að Ísland þyrfi að segja öðru ríki strið á hendur, en **Bohlen** sagði að því mundi Ísland ráða sjálf. **Bjarni Benediktsson** spurði þá hvað væri átt við með orðunum „including the use of armed forces“ í fimmstu grein. Sagði **Bohlen** að átt væri við að samningurinn tæki einnig til hernaðaraðgerða, en það færir eftir atvikum hvort til þeirra kæmi. T.d. myndu þær ekki koma til greina af hálfu ríkis, sem engan her hefði. **Bjarni Benediktsson** spurði hvort það gæti komið til greina, að Ísland yrði beðið um að leggja til togara og menn til ákveðinna starfa í sambandi við samninginn, og sagði **Hickerson** þá, að ef til vill væri það ekki alveg óhugsanlegt, að ráðið mundi gera einhverjar tillögur í þá átt ef það þætti sanngrjart. **Bjarni Benediktsson** létt þegar uppi, að að slíkt mundi ekki fallist af Íslandi, enda væru togararnir helztu framleiðslutæki landsmanna, sem útilokað væri að vera án. Síðan lagði **Eysteinn Jónsson** sérstaka áherzu á, að slík ráðstofun togaranna kæmi alls ekki til



Mótmæli Nato-fundur í Reykjavík 1968. Mótmælendur við Hagatorg, gegnt Hótel Sögu.

Morgunblaðið/Olafur K. Magnússon



Inngangsorð að Atlantshafssáttmálanum

Aðilar samnings þessa lýsa yfir að nýju tryggð sinni við markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna og ósk sinni um að lifa í friði við allar þjóðir og allar ríksstjórnir. Þeir eru staðráðirnir í því að vardoverta frelsi þjóða sinni, sameinilega arfleifð þeirra og menningu, er hvila á meginreglum lýðræðis, einstaklingsfreli og lögum og rétti. Þeir leitast við að efla jafnvægi og velmegun á Nordur-Atlantshafssvæðinu. Þeir hafa ákvæðið að taka höndum saman um sameiginlegar varnir og vardoveislu fríðar og öruggis. Þeir hafa því orðið ásáttir um Nordur-Atlantshafssamning þennan.

greina. **Bohlen** svaraði því til, að um þetta mundi Ísland hafa úrslitaráðin, og sagði að allir aðilar gerðu sér grein fyrir því, að Ísland hefði sérstöðu. Að líkendum myndi ekki verða til annars ætlast af Íslandi en þess, að ákvæðin „facilities“ væru fyrir hendi. **Hickerson** sagði, að hlutur Íslands yrði sennilega mjög svipaður og í síðasta striði. **Bjarni Benediktsson** spurði þá, hvort Ísland mundi geta gert sérstakan formlegan fyrirvara við samningsundirskrift um það að Ísland hefði engan her og sérstöðu þess að öðru leyti bæri að virða. **Bohlen** og **Hickerson** töldu að slíkur fyrirvari mundi vera mjög óheppilegur, því að ýmis fleiri ríki mundu þá vilja gera fyrirvara, því að aðilar nír væru sammála um sérstöðuna. Ísland myndi eiga fulltrúa í ráðinu, og myndi fulltrúar US og Bretlands hafa fulla samvinnu við hann um þetta, enda hefði Ísland sjálf úrslitaráðin hvad það gerði. **Hickerson** bætti því við, að hann hefði unnið að samningnum frá því í júli, og hefðu allir aðilar gert sér grein fyrir sérstöðu Íslands.“

15. mars

Ráðherrarnir ásamt Thor Thors funduðu með Bohlen, Hulley og Hickerson, en einnig yfirmönnum hersins, Anderson úr flughernum og Woolridge frá flotanum.

Bjarni Benediktsson sagði þýðingarmestur spurninguna, „hvort hægt væri frá hernaðar sjónarmiði að gefa Íslandi „reasonable security“ án bess að erlendur her eða herstöðvar væru á Íslandi á friðartínum, ef einhver „facilities“ eins og talað var um daginn áður væru fyrir hendi á ófriðartínum. Spurning væri hvort til mála gæti komið að árasarríki gæti tekið Ísland áður en nokkuð yrði við því gert.“

Woolridge taldi venjulega fyrirsjáanlegt um nokkurt skeið þegar styrjöld fyrir um það bil að byrja, vegna herlutfinninga og annarra ráðstafana. Thor Thors benti á, „að ekki hefði

árásin á Pearl Harbour verið talin nægilega fyrirsjáanleg til þess að virkar aðgerðir hefðu komið þar að haldi“. Woolridge sagði að árasín hefði verið fyrirsjáanleg, en hins vegar hefði ekki verið til að liklegt að ráðist yrði á Pearl Harbour.

Bjarni Benediktsson spurði hvort hugsanlegt væri að Rússar gætu sett lið á land með kafbátum og sagði **Admiral Woolridge** að það gæti komið til mála en þó gæti ekki verið um mikil lið að ræða. Þá myndi og erfitt að koma nauðsynlegum vistum til slíks liðs. Væri miklu líkilegra að ef til flutnings liðs kæmi mundi flugleiðin verða notuð. **Gen. Anderson** taldi ólíklegt að Rússar myndu senda líti lið ef til kæmi, því að heir gerðu sér fyllilega grein fyrir því hversu mikla þýðingu Ísland hefði fyrir Bandaríkin og Bretland og að mikil lið mundi þurfa til að geta haldað landinu, svo mikil að varla kæmi til greina að hægt væri að flytja það flugleiði. Sagði hann að mikilsvert væri að vara sig á fylgismönnum Rússá á Íslandi, því að líklegt væri að Rússar myndu gera ráð fyrir stuðningi þeirra í sinum ráðagerðum og taldi hann aðalhættuna fyrir öruggi flugvallarins stafa frá þeim.

Bjarni Benediktsson spurði, hvort Íslendingar mundu sjálfir geta eyðilagt „facilities“ á stuttum tíma ef að þyrfi að halda og var talið að svo væri. Pá sagði **Gen. Anderson** að Bandaríkin mundu hafa tilbúunar flugsevitir hvenær sem á þyrfi að halda til verndar Íslandi (sbr. það sem áður var sagt um jetflugvélar). **Bjarni Benediktsson** sagði, að erfitt mundi verða fyrir Ísland að koma í veg fyrir áras enda þátt „facilities“ væru eyðilögð. Sagði **Gen. Anderson** að Bandaríkin myndi liklega hafa sínar sveitir tilbúunar annaðhvort við Goose Bay eða á Grænlandi, en áras Rússa myndi liklega koma frá Norður-Finnlandi. Nefndi hann í því samþindi að um 1½ tíma mundi taka að fijúga frá Grænlandi en 3 frá Goose Bay. Benti hann og

á að Rússar mundu ekki geta notað flugvéla-móðurskip án vitundar Bandaríkjanna og gætu þau gert virkar ráðstafanir gegn sílikum aðgerðum. **Admiral Woolridge** vék aftur að spurningunni um liðflutning með kafbátum og sagði, að Rússar mundu líklega geta sent um 1.600 manns (2 battalions) með þeim hætti og væri það auðvitað nógur sterkt lið til að Íslendingar gætu ekki ráðið við það.

Bjarni Benediktsson vék að því, að síðastliðið sumar hafi stórt rússneskur síldarflotri komið til Íslands og hafi þar verið um mjög grunsamlegt athæfi að ræða. Eitt skipanir hafi brotið í bág við íslenska landhelgislöggjöf og aðspurður hafi skipstjóri þess upplýst, að hann hefði aldrei fengist við fiskiveiðar fyrir heldur starfað í rússneska flotanum. Væri því hugsanlegt að með þessum hætti gætu Rússar undirbúið áras. **Gen. Anderson** sagði hafa haft upplýsingar um þennan flota.

Undir lok fundarins sagði Woolridge „að gera yrði ráð fyrir þeim möguleika, að íslenskir kommunistar og t.d. rússneskur síldaveiðifloti gæti náð vellinum á sitt vald“. Eysteinn Jónsson spurði „hvort ekki mundi vera erfitt fyrir fallhlífahermenn að lenda í hrauni, eins og væri t.d. í kringum Keflavíkurflugvöllinn. **Gen. Anderson** kvað það vera, en taldi að slískir menn gætu lent annars staðar á Íslandi.“

Andstáða hugsanleg

Bjarni Benediktsson sagði á fundi í utanríkisráðuneytinu með Hickerson og Hulley „að hugsanlegt væri, að mikil andstáða yrði á Íslandi gegn þátttöku i samningnum. Enn sem fyrr spunnust nokkrar umræður um að Íslendingar gerðu fyrirvara um sérstöðu Íslands sem vopnlausrar þjóðar.“

Stakk Achilles, sem Hickerson hafði kallað inn á fundinn, „upp á því að líklega myndu þeir sem undirrituðu samninginn hver um sig halda smáræðu, og væri hugsanlegt, að hægt væri að koma hinu íslenzku orðalagi að íslskri ræðu. **Bjarni Benediktsson** sagði að rétt væri að athuga málid betur. Sagði **Hickerson** að ráðgert væri að afhenda texta samningsins ásamt boði um þátttöku í Portúgal og Danmörku á morgun. Myndi utanríkisráðherra Íslands einnig verða afhent slíkt boð þann dag, jafnframt því, sem afrit myndi verða afhent utanríkisráðuneytinu í Reykjavík. **Bjarni Benediktsson** sagði að ekkert væri því til fyrirstöðu, að slíkt boð yrði afhent, en hitt yrði hann að taka skýrt fram, að á þessu stigi málsins gætu ráðherrarnir hvorki persónulega né sem fulltrúar þjóðar sinnar sagt um það, hvort Ísland mundi gerast aðili.“

Hickerson sagði að lokum vilja endurtaka það, að ekkert væri því til fyrirstöðu að upplýsingar væru gefnar íslenzku ríksstjórninni allri og íslensku þjóðinni um það:

1. Að fullur skilningur hafi verið sýndur varðandi sérstöðu Íslands.
2. Að viðurkennt væri, að Ísland hefði engan her og ætlaði sér ekki að stofna her.
3. Að ekki kæmi til mála að erlendir her eða herstöðvar yrðu á Íslandi á friðartínum.
4. Að ef Ísland gengi að samningnum myndi vera ætlast til þess, að það myndi láta í té aðstöðu í ófriði.
5. Að Ísland myndi taka þátt í öllum ráðagerðum varðandi notkun slíkrar aðstöðu.
6. Að það myndi algjörlega vera að valdi Íslands sjálf hvenær aðstaða yrði látin í té.

Afhenti Hickerson síðan eintak af hinu endanlega samningsuppkasti, sem gengið hafði verið frá daginn áður.“

17. mars

Lokafundur ferðarinna til Washington var haldinn með Acheson utanríkisráðherra. Bjarni Benediktsson sagði að ekki væri „á þessu stigi málsins hægt að segja um, hvaða afstöðu íslenzku ríksstjórninni mundi taka til málsins og yrði að athuga það mál nánar eftir heimkomu ráðherranna. Hins vegar væri ljóst að koma ráðherranna til Washington hefði mjög skýrt málid og auðveldar lausn þess“.

Ennfremur segir í fundargerð: „Tók **Acheson** það fram, að hann hefði ekkert á móti því að getið væri sérstaklega um afstöðu Íslendinga sem vopnlausrar þjóðar í ræðu, sem flutt yrði við undirskrift samningins. Urðu síðan nokkrar umræður um það hvort nokkuð væri að móti því, að það væri berum orðum fram tekið að ráðherrarnir hefðu skýrt greinilega frá því, að Íslendingar vildu hvorki hafa erlendan her neðstöðvar á friðartínum og sagði **Acheson** þá, að hann teidi æskilegt að það yrði tekið frá. Sú afstaða var umræður í sambogi fréttatilkynningu.“